

G J A L D S K R Á

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu, skal þiggjandi greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar:

1. taxti	kr.	0.00	á	timann
2. taxti	—	100.00	-	—
3. taxti	—	200.00	-	—
4. taxti	—	300.00	-	—

2. gr.

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Félagsmálaráði er einnig heimilt að víkja frá gjaldskránni ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Tekjur undir	kr.	25 000.00	
2. Tekjur milli	—	25 000.00	og 45 000.00
3. Tekjur milli	—	45 000.00	og 70 000.00
4. Tekjur yfir	—	70 000.00	

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Tekjur undir	kr.	40 000.00	
2. Tekjur milli	—	40 000.00	og 70 000.00
3. Tekjur milli	—	70 000.00	og 100 000.00
4. Tekjur yfir	—	100 000.00	

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar, kr. 221.00 og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á þessum kauptaxta, ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.